

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða í gjaldskrá fyrir afnot flugvalla nr. 544/1998.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að þyngdarviðmið í grein 2.3. í gjaldskrá fyrir afnot flugvalla nr. 544/1998 verði 2.000 kg fram til 1. janúar 2000, en breytist þá í 1.500 kg.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 71. gr. laga um loftferðir nr. 60, 10. júní 1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar, sem eingöngu er notaðar utan vega eða á lokuðum vinnu-svæðum, eru undanþegar skattskyldu.

2. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Árlegt fast gjald þungaskatts er eftirfarandi:

<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>	<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>
Allt að 1.000	94.273	2.800 - 2.999	175.770
1.000 - 1.499	113.163	3.000 - 3.199	183.589
1.500 - 1.999	136.675	3.200 - 3.399	191.408
2.000 - 2.199	144.494	3.400 - 3.599	199.227
2.200 - 2.399	152.313	3.600 - 3.799	207.046
2.400 - 2.599	160.132	3.800 - 3.999	214.865
2.600 - 2.799	167.951		

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Árlegt fast gjald þungaskatts með 25% álagi er eftirfarandi: